

Alþingi
Erindi nr. P 128/1138
komudagur 19.2.2003

Nefndasvið Alþingis,
samgöngunefnd,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Reykjavík 19. febrúar 2003

Efni: Umsögn um frv. til laga um breytingu á lögum um Siglingastofnun Íslands nr. 6/1996, 539 mál.

Frumvarpið gerir ráð fyrir því að Siglingastofnun Íslands fái heimild til að annast framkvæmd væntanlegra laga um vaktstöð siglinga í samræmi við frumvarp sem lagt var fram á yfirstandandi þingi, mál 392.

Með frumvarpinu er einnig lagt til að íslenskum stjórnvöldum verði veitt heimild til að gerast aðili að Siglingaöryggisstofnun Evrópu.

Frumvarpið er eðlilegt framhald af framlagningu frumvarps um vaktstöð siglinga sem er eins og fram hefur komið mál nr. 392 á yfirstandandi þingi.

Véltjórafélag Íslands hefur ekki fram að færa athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,
f.h. Véltjórafélags Íslands

Helgi Laxdal, formaður